

Leikskólar



Forsendur vottunar

Nægilega margir starfsmenn leikskólans hafa lokið ART réttindanámskeiði til að ART sé kennt öllum börnum á elsta ári í leikskólanum.

Allir nemendur skólans fá 12 vikna ART kennslu á síðasta leikskólaári .

Allt starfsfólk leikskólans hefur fengið ítarlega kynningu á ART hugmyndafræðinni og býr yfir þekkingu til að nýta verkfæri ART.

ART teymið kemur með kynningu í skólann.

Hugmyndafræði ART er sýnileg í námskrá leikskólans og á veggjum hans.

Áhersluatriði hvernar viku eru sýnileg á veggjum skólans.

ART þjálfun er reglulega í símenntunaráætlun leikskólans.

Mikilvægt er að viðhalda þekkingu starfsfólks og mennta nýja ART þjálfara.

Elstu nemendur leikskólans þekkja ART og geta nýtt sér þau verkfæri sem ART býr yfir eins og hvert og eitt er fært um.

Hvert barn er einstakt og þess ber að gæta að koma til móts við hvert og eitt barn og haga kröfum í samræmi við aldur og þroska þess.